



Kópavogsbær

Vinnuskóli og Skólagarðar Kópavogs

Starfsskýrsla – sumarið 2022

Svavar Ó. Pétursson tók saman.

20.9.2022

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Ráðningar og undirbúningur stjórnenda.....	4
Umsóknarferli unglunga	5
Hlutfall og fjöldi unglunga	6
Starfsstöðvar og skipulag	7
Fræðslustarf	7
Jafningjafræðsla Hins hússins	7
Umhverfisfræðsla – Grænfáninn	7
Umhverfisfræðsla – Skógrækt.....	8
Rafíþróttasamband Íslands	8
Samstarf við aðra aðila.....	8
Leikskólar	8
Rafíþróttasamband Íslands / Arena Breiðablik	8
Íþróttafélög bæjarins	9
Félagsmiðstöðvar skólanna.....	9
Velkomin námskeið.....	9
Gerðarsafn	10
Aðrar stofnanir	10
Vinnustundir unglunga.....	11
Hlutfall af lágmarkslaunum	16
Skólagarðar Kópavogs.....	17
Götuleikhús	18
Dagskrá námskeiða viku flokkstjóra.....	18
Niðurlag.....	19
Fyrir/eftir myndir Vinnuskólans	20
Samanburður við önnur sveitafélög	21



Inngangur

Undanfarin ár hefur Vinnuskóli Kópavogs starfað frá maí til ágúst, engin breyting var gerð á því þetta árið. Undirbúningur verkefnastjóra hófst snemma í janúarmánuði og opnaði skrifstofa Vinnuskólans, í Þjónustumiðstöð, þann 16. maí.

Fyrstu unglingarnir komu til starfa þann 30. maí. Voru það 17 ára nemendur sem unnu ýmist hjá stofnunum sveitafélagsins eða í garðyrkju.

Allir nemendur gátu valið tvö tímabil af þremur til vinnu. Var vinnutími 15 ára nemenda lengdur um 3,5 klukkustund til að geta samræmt vinnutímabil þeirra við tímabil annarra nemenda. Þar sem fyrirséð var að mikill fjöldi nemenda kæmi til starfa 2022 þá var ákveðið að halda því að nemendur fæddir 2005 fengju jafnmarga tíma og elstu nemendur vinnuskólans 2021.

Skrifstofa Vinnuskólans var á þriðju hæð þjónustumiðstöðvar og hentar sú aðstaða mjög vel fyrir skrifstofu hans. Var tekin sú ákvörðun að fækka starfsfólki á skrifstofu um sem nemur einustöðugildi.

Vinnuskóli Kópavogs hefur unnið að umhverfisstefnu sinni og liður í því er þátttaka í Grænfánaverkefni Landverndar. Vinna við að halda þeirri viðurkenningu stóð í allt sumar og var stjórnað af umhverfisfulltrúa skólans. Hluti af þeirri vinnu var að tengja heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna við umhverfisstarf Vinnuskólans. Umhverfisfulltrúinn fór í heimsókn í alla hópa skólans með fræðslu um umhverfið og umgengni við það.

Vinnuskólinn í Kópavogi stóð í sjötta sinn fyrir söfnunardegi þann 15. júlí. Undanfarin ár hefur dagurinn heppnast gríðarlega vel. Nemendur plokkuðu þann dag plast úr bæjarlandi Kópavogsbæjar og gerðu úr því listaverk sem birt voru á síðu Vinnuskólans á fésbókinni.

Undanfarin ár hefur nemendum úr grunnskólum Kópavogs gefist kostur á að taka þátt í atvinnutengdu námi sem er samstarfsverkefni menntasviðs í samvinnu við námsráðgjafa í grunnskólum bæjarins og Vinnuskólans. Námið felur það í sér að nemendur sem ekki þrífast í hefðbundnu bóknámi býðst að vinna hjá þriðja aðila á móti skólaskyldu sinni. Laun nemenda hafa verið greidd af Vinnuskóla. Að þessu sinni voru það 17 nemendur sem nýttu sér þessa heimild. Eitthvað af þessum nemendum héldu áfram störfum sínum hjá þriðja aðila í sumar í samstarfi við Vinnuskólann og menntasvið.



Ráðningar og undirbúningur stjórnenda

Opnað var fyrir umsóknir í sumarstörf hjá Vinnuskóla Kópavogs þann 5. febrúar og var umsóknarfrestur til og með 28. febrúar. Auglýst var svo aftur og var umsóknartími þá frá 1. mars til 31. mars Voru þessar auglýsingar birtar samhliða öðrum auglýsingum um sumarstörf hjá Kópavogsbæ. Auglýstar voru stöður á skrifstofu Vinnuskólans, umhverfisfulltrúa, yfirflokkstjóra og flokkstjóra auk þess sem auglýst var eftir garðstjórum í skólagarða. Haft var að leiðarljósi að allir starfsmenn Vinnuskólans uppfylltu skilyrði um aldur og reynslu af starfi með börnum og unglingum.

Vinnuskólinn sá um starf götuleikhússins þetta sumarið eins og síðasta sumar. Auglýst var eftir stjórnendum götuleikhúss fyrir hann á sama tíma og aðrar auglýsingar voru birtar.

Samanborið við árið í fyrra bárust töluvert færri umsóknir í starf hjá Vinnuskólanum en síðasta sumar. Alls bárust 292 umsókn um starf í Vinnuskólanum samanborið við 421 árið á undan. Eru þá taldar allar umsóknir í Vinnuskóla, skólagarða og götuleikhús. Voru þessar umsóknir frá 242 einstaklingum.

Þeir umsækjendur sem ekki höfðu starfað hjá Vinnuskólanum áður voru boðaðir í starfsviðtal sem verkefnastjóri hafði umsjón með. Í þessum starfsviðtölum var farið yfir kröfur skólans og þann mikla metnað sem skólinn hefur. Umsækjendum var einnig gerð grein fyrir umfangi starfsins sem um var að ræða hverju sinni. Reynt var eftir fremsta megni að hitta einstaklinga á Digranesvegi 1 en þar sem Covid 19 bankaði upp á febrúar og mars mánuði var eitthvað um að taka þyrfti viðtöl gegnum Teams.

Skrifstofa Vinnuskólans opnaði þann 16. maí og komu þá til vinnu starfsmenn skrifstofu og hluti yfirflokkstjóra. Á þessum tímabili var verið að svara símtölum frá foreldrum vegna skráninga, raða nemendum í störf hjá félögum og stofnunum og undirbúa starf Vinnuskólans. Starfsmenn skrifstofu voru fjórir talsins að verkefnastjóra meðtöldum.

Mikil endurnýjun var á skrifstofu Vinnuskólans þetta árið og tók smá tíma að koma nýjum starfsmönnum inn í það álag sem liggur á skrifstofu í upphafi starfs. Það má þó engu að síður hrósa þeim starfsmönnum fyrir að vera fljótir að komast inn í hlutina og að lokum haga störfum sínum líkt og um reynda starfsmenn hafi verið að ræða.

Flokkstjórar mættu til starfa þann 30. maí og sátu fyrstu tvær vikurnar námskeið m.a. í jákvæðum samskiptum, um eineltismál og skyndihjálp. Auk þessa voru starfsmenn Kópavogsbæjar með fræðslu um barnaverndarstarf og hvernig það er að starfa sem flokkstjóri. Aftast í greinargerð þessari má finna dagskrá námskeiða fyrir flokkstjóra.



Umsóknarferli unglunga

Opnað var fyrir umsóknir um störf nemenda hjá Vinnuskóla Kópavogs þann 1. apríl og var uppgæfin umsóknarfrestur til 11. maí. Tekið var við umsóknum í gegnum heimasíðu Kópavogsbæjar. Þrátt fyrir að auglýstur sé umsóknarfrestur fyrir nemendur er engum hafnað um nám hjá Vinnuskólanum. Allir nemendur fá vinnu en eftir að umsóknarfresti lýkur er það í höndum Vinnuskólans að raða nemendum á þau tímabil sem hentar Vinnuskólanum hverju sinni og er valið þá farið úr höndum nemenda.

Skólaárið 2021 – 2022 voru 2009 nemendur á aldrinum 13 til 16 ára í grunnskólum Kópavogs eða á 17. ári. Það er aldur þeirra nemenda sem rétt höfðu til að sækja um nám við Vinnuskólann í sumar. Alls sóttu 1.293 unglingar, eða rúmlega 64% íbúa á þessum aldri, um starf hjá Vinnuskólanum fyrir sumarið 2022. Í fyrra sóttu 1.539 u. Af þessum 1293 unglingum sem sóttu um mættu 1.207 unglingar til vinnu í skemmri eða lengri tíma. Voru það því rúmlega 60% unglunga á aldrinum 13 til 17 ára sem sóttu vinnu hjá Vinnuskólanum sumarið 2022.

Áfram var boðið upp á að einstaklingar á 17. ári gætu starfað undir merkjum Vinnuskólans. Eins og áður reyndu starfsmenn Vinnuskólans að koma öllum þessum nemendum, ásamt þeim 16 ára nemendum sem sóttu um, að hjá félögum og stofnunum í bæjarfélaginu. Tókst þetta verkefni mjög vel að þessu sinni þó einhverjir 17 ára nemendur hafi kosið að starfa í garðyrkju.



Hlutfall og fjöldi unglunga

Unglingum við nám í Vinnuskólanum fækkaði nokkuð frá sumrinu á undan enda má telja sumrin 2020 og 2021 undir Covid ár Vinnuskólans. Árið 2022 er aftur á móti þriðja fjölmennasta sumar Vinnuskólans frá upphafi þó það sé ekkert í líkingu við tvö fyrri ár. Sumarið 2022 voru 1.207 unglingar á aldrinum 14 – 17 ára að störfum, í mislangan tíma, en árið á undan voru þeir 1.387. Hlutfall þeirra sem skila sér inn í Vinnuskólann lækkar um rúmlega 9 prósentustig á milli ára.

Tafla 1 -Fjöldi unglunga búsettir í Kópavogi og í Vinnuskóla Kópavogs sumarið 2022

Unglingar	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára	Samtals
Í Kópavogi	530	503	495	481	2009
Í Vinnuskóla	412	305	282	208	1207
Hlutall	78%	61%	57%	43%	60%

Tafla 2 - Fjöldi unglunga búsettir í Kópavogi og í Vinnuskóla Kópavogs sumarið 2021

Unglingar	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára	Samtals
Í Kópavogi	493	498	474	544	2009
Í Vinnuskóla	414	355	323	295	1387
Hlutall	84%	71%	68%	54%	69%



Starfsstöðvar og skipulag

Í sumar var Vinnuskólinn með bækistöðvar nemenda fædda 2005 til 2008 við alla grunnskóla bæjarins. Ekki var þörf á að hafa sérstaka 17 ára hópa þar sem undantekning var ef nemandi fæddur árið 2005 var við garðyrkjustörf.

Fræðslustarf

Í gegnum árin hefur verið lögð áhersla á það í Vinnuskóla Kópavogs að flétta fræðslu saman við vinnuna sem er í samræmi við reglugerð um vinnu barna og unglunga nr. 426/1999. Öll fræðsla fer fram á vinnutíma unglunga. Mikið er lagt upp úr því að fá fagfólk og/eða viðurkennda aðila til verksins.

Jafningjafræðsla Hins hússins

Undanfarin ár hefur Vinnuskólinn verið í samstarfi við Hitt húsið um fræðslu nemenda. Starfsmenn Hins hússins koma þá í heimsókn til nemenda okkar og eiga við þá samtal um ýmis málefni. Áður en starfsmenn jafningjafræðslunnar koma í heimsókn til Vinnuskólans hafa þeir farið í gegnum fræðslu hjá Hinu húsinu. Vinnuskólinn greiðir þremur af þessum starfsmönnum Hins hússins laun sem hluta af þessu samstarfi.

Umræðuefni geta farið út um víðan völl og er umræðuefnið spunnið á staðnum eftir áhugasviði nemenda Vinnuskólans. Tókst þetta samstarf mjög vel í sumar og voru nemendur almennt ánægðir með það uppbrot sem varð á starfi Vinnuskólans við þessar heimsóknir.

Ólíkt því sem verið hefur undanfarin árin þá komu starfsmenn jafningjafræðslu nú í ár eingöngu í vinnuhópa okkar hjá börnum á sextánda ári. Komu þeir tvisvar sinnum í þá hópa. Var þetta gert vegna fjölda þeirra hópa sem þeir þurftu að heimsækja þar sem fjölgun var í öllum vinnuskólum landsins.

Umhverfisfræðsla – Grænfáninn

Grænfáninn er merki um umhverfisvænt starf í skólum landsins. Var Vinnuskólanum afhent fáninn í 8 sinn í sumar. Umhverfisfulltrúi okkar heimsótti alla vinnuhópa Vinnuskólans og ræddi um umhverfið og nauðsyn þess að ganga vel um það.

Í fimmta sinn var að frumkvæði Vinnuskólans var skipulagður dagur þar sem lögð var áhersla á að taka saman sem mest plast í bæjarlandi Kópavogs. Þótti dagurinn heppnast mjög vel þar og voru um 900 börn á vegum Vinnuskólans að plokka og týna rusl þennan dag.

Þar sem heimild var fyrir mannamótum í sumar ákvað Vinnuskólinn að vera með stóran grænfána dag og hafa hann samhangandi við uppskeru hátíð Vinnuskólans. Var öllum flokkstjórum og nemendum boðið upp á tónleika og pulsar á Kópavogstúni. Þótti dagurinn heppnast mjög vel og var mikil gleði með daginn.



Nú þegar hefur Vinnuskólinn í Kópavogi fengið samþykki fyrir móttöku grænfánans í tíunda skiptið og verður afhending sumarið 2023. Sá fáni er afhentur vegna ársins 2022.

Fór umhverfisfulltrúi Vinnuskólans á milli hópa og ræddi við unglinga um þessi málefni. Auk þess fór hann og ræddi við efnilega íþróttamenn um það hvernig bera ætti sig að við vinnu og til að ná þeim árangri sem þeir stefna að. Mikil ánægja var með ungmenna með þessa vinnu. Vinnuskólinn telur þessa fræðslu góða viðbót við sitt starf og stefnir á að halda því áfram 2022.

Umhverfisfræðsla – Skógrækt

Líkt og undanfarin ár var Vinnuskólinn í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs um landgræðslu. Í þetta sinn var farið á Selfjall. Að þessu sinni voru fengu allir 16 ára nemendur Vinnuskólans skógræktarfræðslu í 3 klukkustundir auk þess sem þau voru einn starfsdag við landgræðslu á Selfjalli.

Rafíþróttasamband Íslands

Rafíþróttasamband Íslands kom í fyrsta skiptið með fræðslu í hópa Vinnuskólans. Fræðslan snéri að því að fræða nemendur um jákvæðar hliðar af tölvuleikjanotkun og notagildi þeirrar reynslu sem nemendur fá úr henni.

Samstarf við aðra aðila

Leikskólar

Eins og undanfarin ár sendi Vinnuskólinn nemendur á tveimur elstu aldursárum til starfs í leikskólum bæjarins. Heppnaðist samstarf þessara aðila í ár mjög vel eins og ávalt. Alls fóru 52 nemendur til starfa hjá leikskólum og sinntu þar því verkefni að létta undir með öðru starfsfólki. Eru nemendur alltaf undir handleiðslu reyntra starfsmanna og bera enga ábyrgð gagnvart börnum í leikskólanum gegnum nám sitt.

Rafíþróttasamband Íslands / Arena Breiðablik

Í fyrsta sinn bauð Vinnuskólinn nemendum sínum að starfa hjá Arena (rafíþróttadeild Breiðabliks) og Rafíþróttasambandi Íslands. Heppnaðist þetta samstarf gríðarlega vel og voru báðir aðilar á því að halda því áfram á næsta ári. Einnig var nemandi Vinnuskólans fengin í það hlutverk af þessum aðila að verkefnastýra Vinnuskólamóti í rafíþróttum. Þangað mættu um 30 nemendum og höfðu gaman af.

Þessu verkefni var hrint af stað í byrjun sumars þannig að undirbúningur var skammur. En næsta sumar verður verkefnið tekið upp að nýju þar sem það verður útfært enn frekar og þeir möguleikar sem við höfum með þessu samstarfi nýttir. Við erum gríðarlega ánægð með að komast í samstarf við RÍSí og rafíþróttadeild Breiðabliks og geta enn og aftur aukið það framboð sem við getum boðið nemendum okkar að fá tækifæri til að sinna. Nemendur í þessu verkefni sinntu meðal annars viðburðarstjórnun, kvikmyndatökum og kynningarstarfi fyrir RÍSí og Breiðablik.



Íþróttafélög bæjarins

Undanfarin ár hefur Vinnuskólinn sent íþróttafélögum bæjarins nemendur til að hjálpa til við sumarnámskeið íþróttafélaganna. Hefur samstarfið gengið mjög vel og eru þessir nemendur undirstaðan í því að slík námskeið gangi upp. Um 100 nemendur sinntu þessum störfum í sumar.

Nemendur sinna verkefnum m.a. á ýmsum íþróttanámskeiðum íþróttafélaga, útivistarnámskeiðum bæði skátanna og íþróttafélaganna og sundnámskeiðum. Hefur þetta mælst gríðarlega vel fyrir hjá þeim nemendum og er eftirspurn eftir þessum störfum mun meiri en það framboð sem Vinnuskólinn hefur til umráða ár hvert.

Félagsmiðstöðvar skólanna

Undanfarin tvö sumur hefur Vinnuskólinn unnið í góðu samstarfi við frístundadeild. Á síðasta ári voru unnir verkferlar og gátlistar til að gera samstarfið enn skilvirkara og skýrara á milli stjórnenda félagsmiðstöðva og vinnuskólans. Markmiðið með samstarfinu er að bjóða nemendum í 8.-10. bekk í öllum grunnskólum Kópavogs fjölbreytt og skemmtileg störf í félagsmiðstöðvunum, sem taka mið af þörfum og getu hvers og eins.

Störfin eru af ýmsum toga, en áhersla hefur verið lögð á að ná sérstaklega til nemenda sem eru félagslega einangraðir eða þurfa að styrkja sig á einhvern hátt félagslega. Nemendur með ananað móðurmál en íslensku hafa líka tekið þátt í gegnum verkefnið Velkomin sem verður betur skýrt hér að neðan.

Unnið er bæði með hópa og einstaklinga í starfi félagsmiðstöðvanna og er það okkar trú að þetta samstarf sé afar mikilvægt og þarft til að mæta mismunandi þörfum unglinganna. Störfin sem unglingarnir vinna eru af ýmsum toga, allt frá því að þróa notkun á VR búnaði í starfi félagsmiðstöðvanna, rækta tónlistarhæfileika sína og standa að tónleikaröð fyrir eldri borgara, og taka þátt í útivistarhópi þar sem útivist og göngur eru kynntar ungu fólki í nærumhverfi þeirra.



Velkomin námskeið

Annað sumarið í röð í samvinnu við frístundadeild var nemendum með annað móðurmál en íslensku boðið að sækja námskeiðið Velkomin í félagsmiðstöðinni Kjarnanum (Kópavogsskóla). Velkomin býður nemendum í 5.-10.bekk í öllum grunnskólum Kópavogs, sem eru nýfluttir í Kópavoginn velkomna í sveitarfélagið. Afþreyinga- og áhugasviðsmöguleikar í Kópavogi eru kynntir með vettvangsheimsóknum í aðrar félagsmiðstöðvar, sundlaugar og bókasafn.

Boðið er upp á skipulagt frístundastarf og íþróttafélögin eru heimsótt þar sem þjálfarar taka á móti hópnum og kynna sitt starf. Hjá íþróttafélögunum gefst þátttakaendum kostur á að prófa ýmsar greinar og kynnast þannig betur starfi íþróttafélaganna.

Íslensku mælandi unglingum er einnig boðið að starfa á námskeiðinu, og þeirra hlutverk er m.a. að halda utan um miðstigstarf með starfsfólki námskeiðsins sem og hjálpa þátttakendum á námskeiðinu að kynnast samfélaginu Kópavogur. Velkomin er endurgjaldslaust og eru þátttakendur í 8.-10.bekk á launum í vinnuskólanum á meðan námskeiðinu stendur.

Gerðarsafn

Í samstarfi við Gerðarsafn var nemendum Vinnuskólans í annað sinn boðið upp á að koma að stefnumótun safnsins. Nemendur unnu við stefnumótun fyrir ungt fólk auk þess sem þau sinntu vinnu við móttöku yngri gesta safnsins. Var starfið undir leiðsögn starfsmanns Vinnuskólans í nánu samstarfi við Gerðarsafn.

Vinnuskólinn telur mikilvægt að nemendur fái verkefni sem hentar þeirra áhugasviði og er þetta hluti af þeirri nálgun.

Aðrar stofnanir


Ýmsir aðrir möguleikar voru fyrir nemendur Vinnuskólans til að starfa í sumar. Má þar nefna að nemendur okkar störfuðu á Hrafnistu og Sunnuhlíð. Mikil ánægja var með þessi verkefni og þakkar Vinnuskólinn þessum aðilum fyrir að vilja taka á móti nemendum okkar.



Vinnustundir unglinga


Heildar vinnustundafjöldi nemenda við Vinnuskólann fækkaði þó nokkuð frá síðasta ári. Síðustu tvö ár hefur vinnustundafjöldi nemenda verið í hámarki en merkja má á árinu fækkun vinnustunda í samræmi við fækkun nemenda og minnkandi áhyggjur í samfélaginu af Covid.. Í ár mættu 1.207 nemendur til vinnu hjá Vinnuskólanum sem er færri en á síðasta ári.

Myndrit 2 - Vinnustundir 2010 - 2022





Myndrit 3 - Fjöldi unglunga 2010 – 2022



Skipulag vinnunnar var nokkuð mismunandi milli aldurshópa, 14 ára unnu hálfan daginn, 3,25 tíma í senn, fjóra daga vikunnar mánudaga til fimmtudaga, síðustu viku hvers tímabils var unnið mánudaga til miðvikudaga. Daglegur vinnutími þeirra var því ýmist frá 8:15 – 11:30 eða 12:30 – 15:45. Fjórtán ára bauðst vinna í allt að 71,5 vinnustund.

Fimmtán ára unglingum bauðst að vinna 117 vinnustundir og líkt og á síðasta ári gátu nemendur valið tvö þriggja vikna tímabil af þremur. Unnu þau 6,5 klukkustundir á dag og var unnið þrjá daga vikunnar. Unnið var þriðjudaga til fimmtudaga allar vikurnar.

Skipulag vinnu hjá 16 ára var þeim hætti að þeim bauðst að vinna fjóra daga vikunnar frá mánudegi til fimmtudags og síðustu viku hvers tímabils var unnið mánudaga til miðvikudaga. Vinnudagurinn var 6,5 klukkustundir, 8:15 – 11:30 fyrir hádegi og 12:30 – 15:45 eftir hádegi og bauðst 16 ára því allt að 143 vinnustundir.

Í upphaflegum áætlunum var áætlað að 17 ára ungmenni fengju 169 tíma líkt og þeir hafa fengið undanfarin ár. Daglegur vinnutími var 8:15 – 11:30 fyrir hádegi og 12:30 – 15:45 eftir hádegi mánudaga til fimmtudaga, einn föstudag á hverju tímabili var unnið 8:15 – 12:30.

Hluti af tveimur elstu árgöngunum starfaði hjá þriðja aðila (félögum og stofnunum) og í þeim tilfellum var daglegur vinnutími oft annar en þess gætt að heildarfjöldi vinnustunda færi aldrei yfir tilskilin mörk. Einnig að verkefni og daglegur vinnutími væri í samræmi við reglugerð um vinnu barna og unglunga. Líkt og sjá má á töflu 4 á bls. 13 þá var sú breyting á í ár að nánast allir þeir nemendum sem vildu í elsta



aldurshópnum komust að hjá slíkum aðilum þar sem aðeins 6% vinnustunda þeirra var í garðyrkju árið 2022 miðað við 32% árið á undan.

Nestishlé (kaffitímar) í Vinnuskólanum voru á milli 9:45 og 10:00 fyrir hádegi og 14:00 og 14:15 eftir hádegi.

Vinnuskólinn hefur í samráði við önnur svið komið að lausnum er varðar nemendur með sérparfi. Hér að neðan má sjá hvernig vinnutími nemenda skiptist milli garðyrkju og annarra aðila hjá 14 ára annars vegar og 17 ára hins vegar. Í samanburðinum sést vel hversu mörg tækifæri Vinnuskólinn býður eldri nemendum sínum er varðar starf við annað en garðyrkju þar sem hlutfall garðyrkju fer úr rúmlega 96% vinnustunda hjá 14 ára í 32% vinnustunda hjá 17 ára nemendum.

Myndrit 4 - Starfsstaðir 14 ára nemenda





Myndrit 5 - Starfsstaðir 17 ára nemenda 2022



Tafla 3 – Starfsstaðir nemenda Vinnuskólans 2022 samanborið við 2021

Starf	14 ára	Hlutfall	Hlutfall	15 ára	Hlutfall	Hlutfall	16 ára	Hlutfall	Hlutfall	17 ára	Hlutfall	Hlutfall	Samtals	Hlutfall	Hlutfall
Garðyrkja	18.096	96,4%	96,1%	23.261	96,8%	93,8%	13.983	43,7%	47,3%	1.874	6,0%	32,0%	57.214	54,0%	61,3%
Félgsmiðstöðvar	501	2,7%	2,1%	401	1,7%	2,8%	2.535	7,9%	6,2%	1.944	6,2%	2,7%	5.382	5,1%	3,6%
Íþróttafélög	184	1,0%		253	1,1%	0,3%	6.226	19,5%	29,2%	10.406	33,4%	23,0%	17.069	16,1%	15,6%
Leikskólar/gæsluvellir						0,3%	5.359	16,8%	6,5%	8.870	28,5%	25,3%	14.229	13,4%	10,0%
Önnur félög							796	2,5%	3,8%	2.509	8,1%	2,6%	3.305	3,1%	1,9%
Stofnanir				104	0,4%		2.199	6,9%	3,1%	3.066	9,8%	9,5%	5.369	5,1%	3,8%
Götuleikhús/Skólagarðar							857	2,7%	2,7%	1.896	6,1%	3,5%	2.753	2,6%	1,9%
Önnur störf			1,8%		0,0%	2,8%	30	0,1%	1,2%	600	1,9%	1,7%	630	0,6%	1,9%
Samtals	18.781			24.019			31.985			31.165			105.951		



Tafla 4 – Heildarvinnustundafjöldi nemenda Vinnuskólans samanborið við önnur ár (tölur eru námundaðar að næsta hundraði)

Ár	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára	Samtals	Br. Milli á	Fjöldi	Br. Milli
2010	18.400	34.100	36.400		88.900		902	
2011	15.000	14.600	28.400		58.000	-35%	829	-8%
2012	14.300	16.600	24.600	28.500	84.000	45%	927	12%
2013	15.500	17.700	28.300	29.000	90.500	8%	1.010	9%
2014	13.700	16.100	24.600	23.500	77.900	-14%	920	-9%
2015	15.700	13.300	21.000	23.500	73.500	-6%	876	-5%
2016	13.700	22.000	18.400	18.400	72.500	-1%	796	-9%
2017	15.300	17.400	21.300	17.500	71.500	-1%	820	3%
2018	17.500	16.700	19.000	24.200	77.400	8%	842	3%
2019	15.600	21.900	22.900	22.000	82.400	6%	963	14%
2020	22.100	33.900	38.500	37.500	132.000	60%	1.409	46%
2021	20.300	32.000	37.000	42.000	131.300	-1%	1.387	-2%
2022	18.800	24.000	32.100	31.200	106.000	-19%	1.207	-13%



Hlutfall af lágmarkslaunum

Eins og undanfarin ár var haldið áfram að miða laun í Vinnuskólanum við lágmarkslaun í kjarasamningi Starfsmannafélag Kópavogsbæjar. Eftir að Kópavogsbær tók þessa stefnu árið 2012 hafa mörg sveitarfélög önnur tekið þessa launastefnu upp hjá sér. Hefur þetta orðið til þess að laun unglunga eru fyrirsjáanleg og er töluverð hagræðing fólgin í því. Einnig hefur þetta orðið til þess að laun milli sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa orðið jafnari og því misræmi milli sveitafélaga ekki jafn mikið og áður.

Þess ber að geta að sumarið 2022 var ákveðið að ljúka innleiðingu skráningar- og launakerfis fyrir Vinnuskólann. Nú geta starfsmenn Vinnuskólans og aðrir sem hafa nemendur okkur í sinni umsjón lokið við skráningu tíma nemenda í gegnum farsíma.

Í sumar var jafnframt lokið við að beintengja skráningarkerfið við launakerfi Kópavogsbæjar og minnkar það vinnu á skrifstofu mjög mikið og úrvinnsla launadeildar verður lítil þegar kemur að þeim fjölda barna sem fær greitt frá Vinnuskólanum ár hvert. Við viljum sérstaklega þakka starfsmönnum launadeildar fyrir veitta aðstoð því án þeirrar hjálpar hefði ekki verið hægt að ljúka þessari vinnu í sumar.

Tafla 5- Tekjumöguleikar unglunga í Vinnuskóla Kópavogs 2022

	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Tímar alls	72	117	143	169
Taxti	714	952	1.190	2.380
Tekjumöguleikar	51.051 kr	111.384 kr	170.170 kr	402.220 kr
Tekjumöguleikar með orlofi	57.713 kr	125.920 kr	192.377 kr	454.710 kr



Skólagarðar Kópavogs

Skólagarðar hafa verið reknir á vegum Kópavogsbæjar í ríflega hálfa öld og eru ætlaðir börnum á aldrinum 6 – 13 ára. Þar fá þau kartöfluútsæði, plöntur og fræ ásamt leiðsögn við ræktun algengustu matjurta. Leiðbeinendur og aðstoðarfólk starfa með börnunum, en auk ræktunarinnar er farið í leiki, skoðunarferðir, grillað og fleira skemmtilegt. Skólagarðarnir eru þó hvorki leikjanámskeið né gæsluvellir fyrir börn og eru ekki hugsaðir sem heils dags úrræði fyrir börnin.

Skólagarðarnir hafa síðustu ár verið reknir í tengslum við Vinnuskóla Kópavogs. Skrifstofa, tæki og ýmis annar búnaður eru til að mynda notuð og rekin sameiginlega.

Skólagarðarnir voru þrír þetta sumarið rétt eins og síðustu ár. Þeir eru staðsettir í Fossvogsdal við Víðigrund, í Kópavogsdal við endurvinnslustöð Sorpu og norðan Arnarnesvegar á mörkum Sala- og Kórahverfis. Er þetta síðasta árið sem notast verði við garða við Arnarnesveg en unnið er að flutningi þeirra.

Alls greiddu 105 fyrir þátttöku í skólagörðum Gjald fyrir þátttöku í Skólagörðum var 5.500 krónur sem var óbreytt frá því árið á undan

Á næsta ári má reikna með að skólagarðar við Arnarnesveg þurfi að víkja vegna framkvæmda. Mikilvægt er að Skólagarðar í efri byggðum fá gott svæði þar sem þetta eru stærstu garðarnir okkar.

Mikil ánægja hefur verið með starfssemi Skólagarðanna og er vilji okkar að fjölga þeim frekar en að fækka þeim. Eftirspurn hefur verið frá íbúum á Kársnesi að börn á því svæði geti ræktað grænmeti í Skólagörðum.



Götuleikhús

Götuleikhúsið var annað árið í röð undir Vinnuskólanum. Stjórnandi þess var Gígju Söru Björnsdóttir.

Störfuðu 15 nemendur frá Vinnuskólanum við götuleikhúsið og sinntu þar mikilvægu hlutverki í menningarstarfi Kópavogsbæjar. Meðal verkefna voru heimsóknir í leikskóla og götulist á ýmsum stöðum sveitafélagsins.

Einnig var samstarf milli Götuleikhús og Gerðarsafns er varðar námskeið á vegum þess síðarnefnda. Var Vinnuskólinn með flokkstjóra sem sá um það starf og hefur það samstarf heppnast einstaklega vel og eru báðir aðilar ánægðir með það samstarf.

Mikil ánægja var með störf götuleikhússins hjá börnum, íbúum og starfsmönnum Kópavogsbæjar sem fengu að njóta krafta þeirra.

Dagskrá námskeiða flokkstjóra

Tafla 6 – Námskeið flokkstjóra 2022

	Mánudagur 30.maí	Þriðjudagur 31.maí	Miðvikudagur 1.jún	Fimmtudagur 2.jún	Föstudagur 3.jún
	9:00 - 10:15 Fundur með Verkefnastjóra				
	10:15 - 11:00 Spjall, kynnst og kaffi	9: 00 - 12:00 KVAN Hvernig sköpum við sterka liðsheild	9: 00 - 12:00 KVAN Jafningjasambönd, feimni og félagleg einangrun	9: 00 - 12:00 KVAN Leikjakennsla - leikir til að nota út á vettvangi	9: 00 - 12:00 KVAN Tjáning og framkoma
Matur					
	Námskeið í áhættumati	13:00 - 16:00 KVAN Styrkleikamiðuð nálgun	13:00 - 16:00 KVAN Einelti - leiðir til lausna	13:00 - 16:00 KVAN Fullkonnunarárátta og sjálfstal	13:00 - 16:00 KVAN Hrós, hvatning og endurgjöf
	Mánudagur 6.jún	Þriðjudagur 7.jún	Miðvikudagur 8.jún	Fimmtudagur 9.jún	Föstudagur 10.jún
Fyrir hádegi		9: 00 - 12:00 KVAN Þjónandi leiðtogi og samskiptasáttmáli	9:00 - 10:30 Umhverfisstefna Vinnuskólans 11:00 - 12:00 Barnavernd	09:00 - 12:00 Mætingarkerfi, verkferlar og annað frá skrifstofu	08:00 - 12:00 Samtökin 78
Matur					
Eftir hádegi		13:00 - 16:00 KVAN Fjörefli / hópefli	12:30 - 16:30 Skyndihjálp	13:00 - 15:00 Hvað er að vinna í vinnuskóla 15:00 Fundur með verkstjóra	



Niðurlag

Sumarið 2022 gekk mjög vel þar sem mikill fjöldi nemenda var við störf. Þó nokkur endurnýjun var á starfsmanna hópi vinnuskólans og má segja t.d. að skrifstofa Vinnuskólans hafi verið endurnýjuð í heild sinni. Nýir starfsmenn komu sterkir inn í þann skemmtilega hóp sem fyrir var hjá okkur. Ber að þakka þessum frábæra starfsmannahóp fyrir starf sitt í sumar.

Fjöldi nemenda var minni en síðustu tvö ár ári en í áætlunum Vinnuskólans hafði verið gert ráð fyrir meiri fækkun nemenda en augljóslega hafa áhrif Covid 19 ekki að fullu gengið til baka. Fækkaði nemendum um 180 milli ára eða 13%.

Loksins fengum við frið frá veirunni í störfum okkar og erum við gríðarlega ánægð með það. Hafði það jákvæð og skemmtileg áhrif á starf okkar þar sem hægt var að hefja aftur venjubundið starf þar sem samskipti nemenda og starfsmanna gat aftur verið með eðlilegum hætti þó farið væri eftir því að gæta að sóttvörnum hverju sinni.

Vinnuskólinn og Skólagarðar héldu úti mjög virkri fésbókarsíðu og gekk mjög vel að koma upplýsingum frá okkur gegnum þann miðil. Foreldrar og íbúar voru duglegir að fylgjast með á þeim síðum. Á fésbókarsíðunni heldur Vinnuskólinn út leik fyrir nemendur sem nefndur hefur verið fyrir/eftrir leikur. Nokkrar af þeim myndum sem teknar voru af starfi nemenda okkar fylgja hér í lok skýrslunnar.

Líkt og á síðasta ári var ákveðið reyna að bjóða öllum 17 ára nemendum okkar starf annarsstaðar en í garðyrkju. Í ár ólíkt því sem hafði verið síðustu 2 ár tókst okkur að koma rúmlega 95% allra nemenda á 17 ári í starf hjá stofnunum eða félögum. Þau störf sem eftir stóðu voru boðin nemendum fæddum 2006.

Stefnt er að því að starfsáætlun Vinnuskóla Kópavogs liggi fyrir snemma árs 2023. Áfram verður lögð áhersla á að fræða nemendur um umhverfismál og atvinnumarkaðinn í námi hjá Vinnuskólanum. Við getum vonandi gert ráð fyrir að starfsárið 2023 og árið í ár þar sem Covid 19 faraldrinum verði endanlega lokið og fækkun nemenda haldi áfram og komist í það jafnvægi sem áður var.

Allar ábendingar og athugasemdir um starfsemi Vinnuskóla og Skólagarða eru vel þegnar. Hægt er að koma ábendingum á framfæri í gegnum netföngin vinnuskoli@kopavogur.is.

Ég vil þakka öllum þeim sem komu að starfi Vinnuskólans og Skólagarða sumarið 2022 og vonast eftir að sumarið 2023 verði öllum jafn gott. Unnu starfsmenn Vinnuskólans og skólagarða frábært starf við að gera starf Vinnuskólans frábært sumarið 2022.

Kópavogi, 17.10.2022

Svavar Ó. Pétursson
Verkefnastjóri Vinnuskólans í Kópavogi



Fyrir/eftir myndir Vinnuskólans





Samanburður við önnur sveitafélög

Garðabær	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Tímar alls	96	165	165	
Taxti	714	952	1.190	
Tekjumöguleikar	68.544 kr	157.080 kr	196.350 kr	

Hafnarfjörður	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Tímar alls	81	105	135	220
Taxti	733	978	1.222	2.004
Tekjumöguleikar	59.411 kr	102.686 kr	165.031 kr	440.880 kr

Kópavogur	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Tímar alls	72	117	143	169
Taxti	714	952	1.190	2.380
Tekjumöguleikar	51.051 kr	111.384 kr	170.170 kr	402.220 kr

Mosfellsbær	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Tímar alls	66	114	147	
Taxti	829	1.105	1.382	
Tekjumöguleikar	54.714 kr	125.970 kr	203.154 kr	

Reykjanesbær	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Tímar alls	60	120	120	
Taxti	1.105	1.105	1.382	
Tekjumöguleikar	66.300 kr	132.600 kr	165.840 kr	

Reykjavík	14 ára	15 ára	16 ára	17 ára
Tímar alls	53	105	105	
Taxti	771	947	1.184	
Tekjumöguleikar	40.478 kr	99.435 kr	124.320 kr	